


Samantekt úr Eurydice-skýrslunni:

Key Data on Early Childhood Education and Care in Europe – 2019

Skýrsla Eurydice, upplýsinganets ESB um menntamál



m
MENNTAMÁLASTOFNUN

Október 2019

MENNTAMÁLASTOFNUN

Hulda Skogland og Gústaf Adolf Skúlason,
sérfræðingar á greiningarsviði

Samantekt úr Eurydice-skýrslunni:
Key Data on Early Childhood
Education and Care in Europe – 2019

ISBN 978-9979-0-2426-2

Höfundar skýrslu: Hulda Skogland og Gústaf Adolf Skúlason
Yfirllestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2019
Menntamálastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Samantekt


Eurydice-rannsóknin: *Key Data on Early Childhood Education and Care in Europe*, var gefin út í júlí 2019. Viðfangsefni rannsóknarinnar var umgjörð dagforeldra- og leikskólastarfs í 38 Evrópulöndum, sem metin voru eftir fjórum gæðaviðmiðum:

Figure 2: Dimensions of ECEC policy integration

WHERE			
Setting	HOW		
	Ministry	WHO	
		Staff	WHAT
			Curriculum
Single setting until the start of primary education	Coherent governance under one authority	Highly qualified professionals for under- and over-3s	Educational activities during the entire ECEC phase

- 1) Hvort allt leikskólanámið fari fram á sama stað en sé ekki skipt upp til dæmis í dagvistun fyrri árin og forskólanám á öðrum stað.
- 2) Hvort eitt stjórnvald eða stofnun beri ábyrgð á stefnumótun gagnvart öllu leikskólastiginu.
- 3) Hvort gerðar séu ríkar kröfur um menntun, a.m.k. hluta starfsfólks.
- 4) Hvort námskrá sé í gildi fyrir allt leikskólastigið.

Criteria for measuring the degree of integration in ECEC systems, 2018/19 (Data for Figure 7)



Source: Eurydice.

Explanatory note

Staff: at least one staff member per group of children (regardless of age group) must have a qualification at ISCED level 6 or higher.

For further information and definitions, see Figure A2 (organisation), Figure A4 (governance), Figure 4 and Figure C1 (staff) as well as Figure D1 and Annex C (educational guidelines).

Niðurstöður rannsóknarinnar benda meðal annars til að umgjörð leikskólakerfisins á Íslandi sé mjög öflug. Menntunarkröfur til starfsfólks eru einna hæstar hér á landi, námskrá er í gildi fyrir öll námsárin og gott samræmi er í öllum áherslum og umgjörð. Hér á landi er hins vegar leikskólinn almennt ekki gjaldfrjáls á nokkru stigi, ólíkt því sem tíðkast víða, t.d. með gjaldfrjálsu síðasta námsári fyrir grunnskóla. Þá er aðgengi að leikskólum ekki tryggt með formlegum hætti á Íslandi, hvorki í lögum né reglugerðum, þótt almennt sé aðgengi íslenskra leikskólabarna að leikskólum með því besta sem gerist meðal samanburðarlandanna.

Ísland er eitt þriggja Evrópuríkja sem gera kröfur til kennara um leikskólakennararéttindi á meistarastigi en það er einnig gert í Portúgal og að hluta í Frakklandi. Formlega er sú krafa einnig gerð hér á landi að a.m.k. einn starfsmaður í hverjum leikskóla, eða á hverri deild eftir atvikum, sé með meistaragráðu í sínu fagi. Þess ber að geta að rannsóknin var fyrst og fremst skoðun á formlegri umgjörð leikskólastarfs hvers lands fyrir sig samkvæmt lögum og reglugerðum. Undantekningar á reglunum voru ekki skoðaðar en þær kunna að segja aðra sögu, til dæmis í tilfalli Íslands og á því hversu margir starfsmenn í leikskólum eða á hverri deild eru með leikskólakennararéttindi.

Víðast hvar er gerð krafa um að leikskólastjórar séu með BA-gráðu en á Íslandi og í þremur öðrum ríkjum er einnig gerð krafa um viðbótarmenntun. Hins vegar er símenntun leikskólastarfsmanna ekki skylda hérlandis, ólíkt því sem gerist í tæpum þriðjungi ríkjanna sem þátt tóku í rannsókninni.

Víðast hvar er leikskólinn gjaldfrjáls síðasta árið og í um helmingi ríkjanna frá þriggja ára aldri. Í einu ríkjanna, Lettlandi, er leikskóli gjaldfrjáls frá eins og hálfis árs aldri. Hér á landi eru leikskólapláss sem kunnugt er niðurgreidd en nánast aldrei gjaldfrjáls, þótt undantekningu megi á þessu finna. Þar sem innheimt eru leikskólagjöld eru þau að jafnaði hæst á Írlandi, í Hollandi, Bretlandi og Sviss, en í öllum þessum ríkjum er um að ræða kerfi einkaskóla fram að þriggja til fjögurra ára aldri, þegar við tekur gjaldfrjáls leikskóli. Á Írlandi eru þau að meðaltali rúmar 100 þúsund krónur á mánuði (um 770 evrur), fram að þriggja ára aldri.

Heimavistun eða dagforeldrakerfi gegna mikilvægu hlutverki í nokkrum Evrópuríkjum, m.a. hérlandis og í Danmörku, Finnlandi, Bretlandi og Þýskalandi. Hér á landi færast flest börn (95%) á leikskóla um tveggja ára aldur en í Danmörku er þriðjungur barna undir þriggja ára aldri í heimagæslu. Fram að þriggja ára aldri er umframeftirspurn eftir leikskólaplássum í nær öllum ríkjunum, helst að hinum Norðurlöndunum undanskildum.

Í flestum ríkjanna gilda almennar reglur um hámarksfjölda leikskólabarna á hvern starfsmann. Ísland er eitt sex ríkja þar sem engar slíkar reglur gilda í dag, eftir breytingu á reglugerð árið 2009, ásamt með m.a. Danmörku og Svíþjóð. Eins er reiknaður raunverulegur meðalfjöldi nemenda á hvern kennara og á hvern starfsmann samkvæmt alþjóðlegri flokkun Eurostat. Hvergi eru færri nemendur á hvern starfsmann við kennslu en á Íslandi. Í skýrslunni er fjallað um þetta sérstaklega.

Hér gilda hins vegar reglur um hámarksfjölda barna í heimavistun. Á Íslandi, sem og í flestum ríkjanna, er slíkt hámark miðað við annað hvort fjögur eða fimm börn.

Inngangur:

Lokaskýrsla rannsóknarinnar *Key Data on Early Childhood Education and Care in Europe – 2019* var gefin út samtímis í Evrópu þann 4. júlí 2019. Í skýrslunni er fjallað um bæði daggæslukerfið og leikskólastigið í þáttökulöndunum 38 og ríkin borin saman. Þá var skipulag leikskólastarfs hvers þátttökuríkis skoðað, meðal annars regluverk og námskrár ríkjanna. Skoðuð var einnig menntun starfsfólks og símenntun kennara, svo fátt eitt sé nefnt.

Það er engin tilviljun að sjónum sé nú beint að leikskólastiginu í rannsóknum Eurydice-samstarfsins, upplýsinganeti framkvæmdastjórnar Evrópusamstarfsins um menntamál. Aukin gæði skólastarfs á þessu skólastigi hafa verið sett á oddinn hjá Evrópusambandinu (ESB) fyrir tímabilið 2020-2026. Til marks um hversu stóran sess leikskólastigið mun skipa á Evrópuvettvangi á næsta starfstímabili þá samþykktu aðildarríki ESB þann 24. apríl 2019 mjög áhugaverða ályktun¹ tengda leikskólastiginu, sem vert er að gefa gaum.

Í ályktuninni er leikskólaganga barna skilgreind sem nauðsynlegur þáttur í menntun allra barna, ekki síst ef börn búa við fátækt, erfiðar aðstæður á heimavelli eða eiga annað heimatungumál en hið opinbera kennslutungumál. Í ályktuninni eru nokkur skýr markmið sett fyrir árin 2020-2026. Þau snúa að bættu aðgengi og betri umgjörð leikskólastigsins, auknum gæðum í kennslu, betri stuðningi við kennara og starfsfólk og betra eftirliti með gæðum kennslu og starfsháttum. Ályktunin markar þáttaskil í þessum málaflokki en hafa verður í huga að samstarf og ályktanir sem þessar eru byggðar á frjálsu samstarfi aðildarríkjanna því ESB hefur ekki lagalegt forræði í menntamálum, heldur þátttökuríkin sjálf.

Almennt um skýrsluna og hvernig Ísland kemur út í samanburði við önnur þátttökuríki

Ýmislegt áhugavert kemur fram í skýrslunni en staðan í Evrópu er nánast jafn misjöfn og þátttökuríkin eru mörg. Segja má að Ísland komi vel út úr samanburði við önnur þátttökulönd.

Ísland er til að mynda eitt níu Evrópuríkja sem talið er uppfylla öll þau gæðaviðmið sem skoðuð eru í rannsókninni. Menntunarkröfur til starfsfólks eru einna hæstar hér, námskrá er í gildi fyrir öll árin í leikskóla og gott samræmi er í öllum áherslum og umgjörð. Hins vegar er skóladagur íslenskra leikskólabarna með lengsta móti, leikskólinn ekki gjaldfrjálst líkt og hann er víðast hvar a.m.k. að hluta til og aðgengi að leikskólum ekki tryggt í lögum líkt og víðast hvar í álfunni, þótt sannarlega sé það stefna flestra sveitarfélaga að tryggja öllum börnum aðgengi að leikskólum svo fljótt sem auðið er.

„Ísland, borið saman við samanburðarlöndin er með öflugum umgjörð fyrir leikskóla og er eitt af níu ríkjum í Evrópu sem teljast vera með hvað sterkasta skipulag og ramma fyrir leikskólastigið“

Hvers vegna?

Ísland er eitt níu Evrópuríkja sem uppfylla öll helstu gæðaviðmið ESB um skipulag og umgjörð leikskólastarfs.

Menntunarkröfur til starfsfólks eru einna hæstar hér á landi.

Námskrá er í gildi fyrir öll árin í leikskóla og gott samræmi er í öllum áherslum og umgjörð. Fjöldi leikskólabarna á hvern starfsmann í kennslu hérlandis er með allra lægsta móti í Evrópu.

1 <https://data.consilium.europa.eu/doc/document/ST-7976-2019-INIT/en/pdf>

Háar menntunarkröfur á Íslandi og skýr námsmarkmið

Þegar hinar háu menntunarkröfur sem gerðar eru hér á Íslandi eru skoðaðar nánar, má sjá að hæstar menntunarkröfur, þ.e.a.s. leikskólakennararéttindi á meistaraþrófstigi (ISCED 7 gráða) eru gerðar til leikskólakennara hérlandis, ásamt Portúgal og sumpart í Frakklandi. Eins eru gerðar þær kröfur hér að a.m.k. einn starfsmaður í hverjum leikskóla eða á hverri deild hafi leikskólakennararéttindi. Þess ber að geta að rannsóknin hafði einungis til viðmiðunar það sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir en skoðaði ekki hver reyndin er og rannsóknin náði heldur ekki til undantekninga sem gerðar eru í þátttökuríkjunum. Sambærilegar reglur eru ekki í gildi í Danmörku og Svíþjóð en í Noregi og Finnlandi er gerð krafa um að a.m.k. einn starfsmaður sé með sem svarar til BA-gráðu í viðeigandi fagi. Víðast er gerð krafa um að leikskólastjórar séu með BA-gráðu en á Íslandi og í þremur öðrum ríkjum eru gerðar enn ríkari kröfur um nám eða reynslu.

Hins vegar er símenntun leikskólastarfsfólks ekki skylda hérlandis, ólíkt því sem gerist í tæpum þriðjungi ríkjanna, m.a. í Noregi, en innan ESB er nú sífellt meiri áhersla lögð á mikilvægi markvissrar sí- og endurmenntunar kennara.

Dvalartími leikskólabarna langur hérlandis

Meðal dvalartími á leikskólum innan ESB eru 27,4 klukkustundir á viku fyrir börn undir þriggja ára aldri en 29,5 klukkustundir fyrir börn yfir þriggja ára aldri. Á Íslandi er dvalartíminn með hæsta móti eða 37,5 og 38,1 klukkustund. Hlutfall barna undir þriggja ára aldri sem sækja leikskóla er næst hæst á Íslandi eða 65% en í Danmörku er hlutfallið 72%. Meðaltalið innan ESB er 33%. Milli fjögurra og fimm ára aldurs er meðaltalið hins vegar 95% innan ESB. Hér landi er þetta hlutfall einnig með hæsta móti eða 98% þegar þátttökuhlutfall barna á síðasta árinu fyrir grunnskólagönguna er skoðað.

Leikskólagjöld í Evrópu

Leikskólinn er víðast hvar gjaldfrjáls síðasta árið og í um helmingi ríkjanna frá þriggja ára aldri. Í einu ríkjanna, Lettlandi, er leikskólinn gjaldfrjáls frá eins og hálfis árs aldri. Hér á landi eru leikskólapláss sem kunnugt er niðurgreidd, en almennt ekki gjaldfrjáls. Þar sem innheimt eru leikskólagjöld eru þau að jafnaði hæst á Írlandi, Hollandi, Bretlandi og Sviss en í öllum þessum ríkjum er um að ræða kerfi einkaskóla fram að þriggja til fjögurra ára aldri, þegar við tekur gjaldfrjáls leikskóli. Á Írlandi eru þau að meðaltali rúmar 100 þúsund krónur á mánuði (um 770 evrur), fram að þriggja ára aldri.

Gæðaeftirlit með leikskólum í Evrópu

Í skýrslunni er skoðað hvernig gæðaeftirliti með leikskólum er háttað í Evrópu. Að neðan má sjá dæmi um nokkur lönd í Evrópu og hversu fjölbreytilegt eftirlitið er:



E

EVALUATION AND MONITORING

In **Denmark**, according to the Act on Day-Care, the head of an ECEC setting is responsible for establishing a culture of evaluation in the setting with the purpose of developing and improving the pedagogical learning environment. He/she must also carry out an evaluation at least every second year.

In **Finland**, regular evaluation at local level is a statutory duty for providers according to the Act on ECEC. The National Core Curriculum further elaborates on the duty to evaluate both at provider (municipality or private service providers) and unit level. The local curriculum must describe how the national Core Curriculum for early childhood education and care is to be implemented, and it must also explain how it will be monitored and evaluated within ECEC settings. The Finnish Education Evaluation Centre (FINEEC) published national guidelines and recommendations in autumn 2018 ⁽¹¹⁾, which aim to support ECEC settings in carrying out systematic and goal-oriented self-evaluation.

In **Sweden**, according to the curriculum for the pre-school, the head must systematically and continually plan, monitor, evaluate and improve pre-school provision.

In the **United Kingdom (England, Wales and Northern Ireland)**, ECEC settings for older children are expected to be continually evaluating their performance according to the inspection frameworks. In Northern Ireland, for instance, according to the inspection framework, settings are expected to develop a culture of self-evaluation in which staff can demonstrate clear evidence of improvement based on actions taken as a result of self-evaluation.

In the **United Kingdom (Scotland)**, according to the quality framework – *A Blueprint for 2020: The Expansion of Early Learning and Childcare in Scotland: Quality Action Plan* – ECEC settings for older children are expected to develop a robust self-evaluation process. The inspectorate's guide for ECEC emphasises that rather than a one-off activity which is done in preparation for inspection, self-evaluation is a dynamic process which should go on throughout the year. Self-evaluation forms part of the evidence for the inspections, which may request to see the development plan of the setting.

In **Iceland**, pre-schools must outline their internal evaluation procedures in their own curriculum. They are required to issue a report along with an improvement plan; both have to be made public.

In **Norway**, all kindergartens must evaluate, on a regular basis, their pedagogical practices in the light of their own plans, the Kindergarten Act and the Framework Plan. In its annual plan, each kindergarten must explain how it will evaluate its own pedagogical practices.

Umgjörð daggæslu- og leikskólastarfs á Íslandi, myndræn framsetning

Að auki er í skýrslunni dregin upp mynd af skipulagi hvers og eins þátttökuríkis fyrir þessi skólastig, þ.e.


daggæslu og leikskólastiginu fyrir skólaárið 2018/2019 (e. National System Information Sheets). Að neðan má sjá þá mynd sem dregin er upp af Íslandi:

National System Information Sheets

Iceland

Reference year 2018/19

Diagram



In this report, with respect to Iceland, the category 'under 3 years' refers to groups for this age in *leiksskóli*. The category '3 years and over' refers to groups for this age in *leiksskóli*.

Organisation

Up to age 6, children can attend pre-school centres (*leiksskóli*), which fall under the overall responsibility of the Ministry of Education. There is also a system of regulated and publicly subsidised home-based provision (*dagforeldrar*) aimed at the youngest children (from birth up to age 2), which falls under the responsibility of the Ministry of Welfare.

Some children attend the last year of ECEC in primary schools, which is called '0 grade for 5-year-olds' (*5 ára bekkur*). As this is not common, it is not shown in the diagram.

Although there is no legal entitlement to ECEC enshrined in law, many municipalities commit politically to providing a place in *leiksskóli* by age 2.

Primary education starts at age 6.

Participation rates

(%) Reference year 2016	Under 1	1-year-olds	2-year-olds	3-year-olds	4-year-olds	5-year-olds
Dagforeldrar	4.3	28.1	0.3	0.1	(-)	(-)
Leiksskóli	2	45	95	97	98	96

Source: Statistics Iceland, 2018a and 2018b.

(%) Reference year 2017	Less than 2 years	2-year-olds	3-year-olds	4-year-olds	5-year-olds	6-year-olds	7-year-olds
ISCED 0	23.5	94.6	96.9	97.5	97.8	0.2	(-)
ISCED 1	(-)	(-)	(-)	(-)	0.1	98.6	98.5

Source: Eurostat, UOE [educ_uoe_enrp07] (last update 23-05-2019).

Educational guidelines


Educational guidelines from top-level authorities apply to centre-based settings across the whole ECEC phase. The guidelines are binding.

There are no educational guidelines for home-based provision from top-level authorities.

Námskrár – Ísland með skýr markmið

Ísland er einnig meðal þeirra landa sem hafa hvað skýrustu námsmarkmiðin en þarna er skoðað hvort leikskólastigið hafi yfir að búa heildstæðri námskrá og þá hvort hún sé sett fyrir allt skólastigið með lögum eða reglugerð.

Figure D1: Top-level educational guidelines for ECEC provision, 2018/19




Aðgengi að leikskólastiginu og þátttökuþíðni

Sjö Evrópuríki tryggja aðgang barna að leikskóla með lögum frá unga aldri, gjarnan strax að loknu fæðingarorlofi. Ísland er ekki meðal þeirra en öll hin Norðurlandanna eru í þessum hópi. Þó er sérstaklega tekið fram að í tilfelli Íslands, þrátt fyrir að engin lagaákvæði tryggi börnum aðgengi að leikskólum fyrir vissan aldur, þá er þátttökuhlutfall barna á þriðja aldursári einstaklega hátt og því ljóst að aðeins örfá börn hafi ekki fengið tilboð um leikskólavistun á þessum aldri.

In **Iceland**, where the right to ECEC is widely described in laws and regulations without referring to a specific age or number of hours, the participation rates in ISCED 0 are very high from an early age. In 2016, 94.2 % of 2-year-olds attended centre-based pre-school centres (*leiksskóli*) ⁽²⁶⁾.

Þegar þátttökuhlutfall er skoðað eftir aldri (annars vegar 0-3 ára og svo hins vegar 3-6 ára) kemur í ljós að Ísland vermir þar efstu sætin, ásamt Danmörku, Frakklandi og nokkrum fleiri ríkjum, með hæstu þátttökuþíðni barna þriggja ára og eldri.

Figure B9: Participation rates in ECEC of children aged between 4 years old and the starting age of compulsory primary education, 2017



	EU	BE	BG	CZ	DK	DE	EE	IE	EL	ES	FR	HR	IT	CY	LV	LT	LU	HU	MT	NL
Aged 4 and over	95.4	98.7	83.9	92.0	98.0	96.4	92.9	100	81.5	97.4	100	82.8	95.1	92.0	96.3	91.9	96.6	95.6	96.5	97.6
Aged 3 and over	93.3	98.4	81.0	87.7	97.5	94.6	91.7	98.4	65.3	97.1	100	77.7	93.9	86.5	94.5	88.9	87.5	92.0	93.2	94.5
	AT	PL	PT	RO	SI	SK	FI	SE	UK		AL	BA	CH	IS	LI	ME	MK	NO	RS	TR
Aged 4 and over	95.6	91.9	94.2	89.6	92.1	78.2	87.8	96.3	100		:	:	73.1	97.7	83.7	70.4	39.5	97.3	68.6	54.7
Aged 3 and over	89.3	86.0	90.9	82.6	90.0	74.9	84.4	95.4	100		:	:	:	97.4	:	:	36.5	96.9	64.4	:


Source: Eurostat, UOE Statistics [educ_uoe_enra10] and [educ_uoe_enra21] (last updates: 07-05-2019 and 14-05-2019 respectively).

Í mörgum ríkjum er slíkur aðgangur tryggður frá þriggja ára aldri eða skömmu fyrr og víða er við lýði skólaskylda á síðasta ári í leikskóla, jafnvel allar götur frá og með þriggja ára aldri. Í um fjórðungi ríkjanna gilda engin lagaákvæði um aðgengi að leikskólum, þar með talið hérlandis, en líkt og fram kemur í skýrslunni miðast aðgengi að leikskólum gjarnan við tveggja ára aldurinn hér á landi.

Reglur um hámarksfjölda barna

Í flestum ríkjanna gilda almennar reglur um hámarksfjölda leikskólabarna á hvern starfsmann. Ísland er eitt sex ríkja þar sem engar slíkar reglur gilda. Það sama á við um tvö hinna Norður-landanna, Danmörku og Svíþjóð. Sérstaklega er tekið fram að á Íslandi hafi reglum um hámarksfjölda leikskólabarna verið breytt árið 2009 og að hlutfall barna og fullorðinna – og kennara – sé með allra lægsta mótí. Það er að segja; fjöldi barna á hvern starfsmann sem starfar við umönnun og kennslu er með allra lægsta mótí: Rafræn slóð á hrágögn Eurostat, UOE tafla [educ_uoe_perp04].

Ratio of pupils to teaching staff in pre-primary education, 2015
(ratio, based on full-time equivalents)



„Ísland kemur mjög vel út úr samanburðinum og er Ísland með lágsta fjölda leikskólabarna á hvern starfsmann sem starfar við umönnun og kennslu.“


Daggæslukerfi í Evrópu – reglur um hámarksfjölda í takt við önnur lönd

Heimavistun eða dagforeldrakerfi gegna mikilvægu hlutverki í nokkrum Evrópuríkjum, m.a. hérlandis og í Danmörku, Finnlandi, Bretlandi og Þýskalandi. Hér á landi færast flest börn (95%) á leikskóla um tveggja ára aldur en í Danmörku er þriðjungur barna undir þriggja ára aldri í heimagæslu. Fram að þriggja ára aldri er umframeftirspurn eftir leikskólaplássum í nær öllum ríkjum, helst að hinum Norðurlöndunum undanskildum. Í flestum ríkjanna gilda skýrar reglur um hámarksfjölda daggæslubarna á hvern starfsmann og gildir það einnig um Ísland. Hér er miðað við fimm börn,² eftir a.m.k. eins árs samfelldan starfstíma dagforeldra, sem er mjög í takt við það hámark sem sett er í öðrum Evrópuríkjum og miðast oftast við fjögur eða fimm börn. Árið 2017 voru að meðaltali 4,3 börn á hvert dagforeldri á Íslandi í heilsdagsvistun.

In **Iceland**, childminders in their first year of practice may not care for more than four children under the age of 6 (including their own children). For children under the age of 1, the maximum is 2. After one year of work, the childminder may add one child. The most common maximum number of children per childminder in regulated home-based provision is therefore five per adult. According to [Statistics Iceland](#), the average ratio was at 4.3:1 in 2017.

2 Sjá nánar gr. 8 í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum

Figure C9: Maximum number of children under age 3 per childminder in regulated home-based provision, 2018/19



Source: Eurydice.

Explanatory note

The Figure considers the maximum number of children that a childminder may care for at the same time (not full-time equivalents or the number of children registered) according to top-level regulations. Specific regulations for children with special needs are not considered.

The Figure does not show any of the more detailed specifications that may be included in legislation (e.g. further restrictions on children's ages).

Skýrsluna í heild má nálgast [hér](#) á vef Eurydice.

Stutt um Eurydice-samstarfið:

Eurydice er samstarfsvettvangur 42 Evrópuþjóða á sviði menntamála. Hlutverk samstarfsins er að rannsaka og bera saman menntakerfi ólíkra landa, innviði þeirra og virkni. Eurydice-skýrslurnar taka saman upplýsingar sem geta auðveldað stjórnvöldum, skólasamfélaginu og almenningi að fylgjast með stöðu og þróun íslensks skólasamfélags. Alls taka 42 Evrópuþjóðir þátt í samstarfinu en að auki geta ríki tekið þátt í einstaka rannsóknum eða ákveðið að vera ekki með að sinni. Algengt er að lokafjöldi þátttökuríkja í hverri rannsókn sé á bilinu 38-42 þjóðir.

Í Eurydice-skýrslunum eru settar fram upplýsingar um skilgreinda menntavísa með gagnvirkum og myndrænum hætti sem veitt geta samanburðarhæfar upplýsingar. Þessir menntavísar tengjast tölulegum og mælanlegum einingum í skólakerfinu (*numerical and statistical indicators*) en einnig með vísum sem tengjast hinna formlegu umgjörð menntakerfisins (*top-level regulations and policy*).

Ýmsar fjölþjóðastofnanir sem Ísland á aðild að annast söfnun skilgreindra menntavísa en helstu gagnabankar sem Íslendingar senda gögn til á vettvangi menntamála eru á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Hagstofu Evrópusambandsins (EUROSTAT), hjá menntatölfræðideild Norræna ráðherraráðsins (MR-U) og hjá deildarskrifstofu menntamála (DG EAC) hjá Evrópusambandinu. Hluti þessara gagna er unninn hjá Hagstofu Íslands, aðrir vísar koma frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og sum gögnin koma frá Menntamálastofnun.

Í Eurydice samanburðargreiningum eru tekin fyrir einstaka viðfangsefni sem tengjast menntamálum. Alls eru 10-18 greiningar framkvæmdar á hverju starfsári, um helmingur þeirra eru *reglubundnar greiningar* s.s. yfirlit um skólagjöld, laun kennara og skólastjórnenda og samanburður á kennslustundum í skyldunámi. Hinn helmingur greininganna eru *óreglulegar skýrslur* um viðfangsefni eða áherslur sem settar eru á oddinn fyrir hvert starfsár eða lengra tímabil innan samstarfsins.

Á Íslandi sinnir Menntamálastofnun hlutverki landstengiliðs Eurydice-samstarfsins og svarar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda spurningalistum um það viðfangsefni sem verið er að rannsaka hverju sinni. Úrvinnsla gagna fer fram á deildarskrifstofu mennta- og menningarmála framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (DG EAC). Allt efni sem Eurydice gefur út er fáanlegt án endurgjalds á heimasíðu Eurydice en mikil áhersla hefur verið á að draga úr magni prentaðs efnis með umhverfissjónarmið í huga.

Greiningarnar hafa að leiðarljósi að varpa ljósi á menntakerfi heimsálfunnar í heild. Þær gegna ekki því hlutverki að greina hvert land fyrir sig, þótt þátttökuríkin geti speglað einstaka menntakerfi við aðrar Evrópuþjóðir. Greiningarnar segja aldrei hvert skuli stefna en þær eru vel til þess fallnar að nýtast sem gagnlegt innlegg inn í umræðu og stefnumótun.